



Hafnarfjarðarbær
Innk: 7/7 2014
Málsnr: 1407093
Bréfat: 0321

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna,  
bæjar- og sveitarstjóra og  
formanna og framkvæmdastjóra  
landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 4. júlí 2014

1110005SA KB/mkh  
Málalykill: 002

### Efni: Boðun XXVIII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga

Samkvæmt ákvörðun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundi hennar 27. júní sl. er hér með boðað til XXVIII. landsþings sambandsins á Akureyri dagana 24. til 26. september 2014. Landsþingið verður sett kl. 16 miðvikudaginn 24. september og stefnt er að því að ljúka þingstörfum um hádegi föstudaginn 26. september.

Öll sveitarfélög á landinu eiga aðild að sambandinu og eiga rétt til að senda fulltrúa á landsþingið í samræmi við íbúafjölda 1. janúar 2014, sbr. ákvæði 5. gr. samþykktar sambandsins og sbr. bréf til allra sveitarfélaga um kjör fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 6. júní 2014, þar sem fulltrúafjöldi hvers sveitarfélags var tilgreindur. Er hér með ítrekað, að þau sveitarfélög sem enn hafa ekki tilkynnt um kjör fulltrúa á landsþing sambandsins, sendi bréflaga tilkynningar þar að lútandi sem allra fyrst eða í síðasta lagi fyrir 1. ágúst nk. til skrifstofu sambandsins.

Þá eiga framkvæmdastjórnir sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórnir, auk formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga, rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti. Tilkynningar um þátttöku framangreindra aðila skal senda til skrifstofu sambandsins sem allra fyrst á netfangið [sigrídur@samband.is](mailto:sigrídur@samband.is) eða með landpósti.


Sambandið hefur samið við Iceland Travel um að annast bókanir og uppgjör vegna gistingar þeirra landsþingsfulltrúa sem munu gista á hótélum á Akureyri meðan þingið stendur. Allar gistibókanir verða að fara fram í gegnum sérstaka skráningarsíðu sem sett hefur verið upp á slóðinni <http://www.samband.is/um-okkur/landsting-sambandsins/landsting-2014/>.

Innheimta verður hjá sveitarfélögunum og landshlutasamtökunum þátttöku- og skráningargjald af hverjum þátttakanda á landsþinginu að fjárhæð kr. 18.500 til þess að standa undir ýmsum kostnaði við þinghaldið, eins og gert var fyrir fjórum árum.

Dagskrá XXVIII. landsþings sambandsins og aðrar upplýsingar um tilhögun þingsins verða síðar sendar sveitarstjórnnum, kjörnum landsþingsfulltrúum, bæjar- og sveitarstjórn og formönnum og framkvæmdastjórn landshlutasamtaka sveitarfélaga. Stefnt er að því að hluti landsþingsins verði sendur út beint á web-sambandsins og verða nánari upplýsingar um það sendar síðar til allra sveitarstjórnarmanna.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri